



Fundur haldinn til að kanna áhuga á stofnun áhugahóps um vinnuvistfræði í skólum.

**Haldinn** á Kjarvalsstöðum 15. janúar 2009.

**Mættir voru:** Edda Valtýsdóttir, Guðrún Hafsteinsdóttir, Hafdís Guðmundsdóttir, Guðmundur Ásgeirsson, Valdís Brá Þorsteinsdóttir, Berglind Helgadóttir.

Frarverandi en boðaði komu sína; HannaMarteinsdóttir.

**Efni:** Er áhugi og grundvöllur fyrir stofnun áhugahóps um vinnuvistfræði í skólum.

Reynsla og starfsemi áhugahóps um skólahúsgögn sem var virkur á árunum 1998-2002 var rifjuð upp. Mikil ánægja var með starf og árangur þess hóps. Skýrsla frá áhugahópnum var send fræðsluráði Reykjavíkur og hafði mikil áhrif. Eftir þann tíma var gefið leyfi til að kaupa stillanleg húsgögn í skólana.

Umræður fóru af stað um hvort til væru reglur hjá bæjarog sveitarfélögum um hvaða viðmið eigi að nota við val og innkaup á húsgögnum.

Umræða um markmið með slíkum hóp.

Auka meðvitun nemenda, kennara og foreldra um mikilvægi góðrar líkamstöðu /setstöðu

Auka meðvitun nemenda, kennara og foreldra um mikilvægi góðra og viðeigandi húsgagna fyrir börnin.

Auka meðvitun nemenda, kennara og foreldra um mikilvægi góðra hljóðvistar.

Mjög áhugaverð vinnustofa var haldin á ráðstefnunni NES 2009 um **Ergonomics for Schools**. Meðfylgjandi er skýrsla stjórnenda vinnustofunnar.

NEF, norska vinnuvistfræðifélagið er að vinna mjög markvisst með að ná að koma að vinnuvistfræðilegum hugsunum við hönnun og skipulag skólabygginga. [ERGONOMISKE KRAV TIL DESIGN AV SKOLEANLEGG](#) Hægt er að skoða verkefnið þeirra og áætlun á heimasíðu félagsins <http://www.ergonom.no/>

Hér er sóknarfæri fyrir félag áhugafólks um vinnuvistfræði að beita sér og hafa áhrif til að auka gæði og vinnuvistfræðilega nálgun við hönnun skólaumhverfis, skipulag skólastrarfs og um leið að bæta líðan og heilsu barna, unglinga og starfsmanna skólanna.

Stjórn Vinnís vill hvetja alla áhugasama að hafa samband og tilkynna þátttöku í áhugahóp um vinnuvistfræði í skólum.

Berglind Helgadóttir

